

## Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir

Afhending 2019/45

Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir var alla jafna kölluð Jóhanna. Hún fæddist 1. október 1913 í Hofsgarði á Höfðaströnd í Skagafirði og flutti á Reykjaströnd með foreldrum sínum þegar hún var 12 ára. Komin yfir fermingu fór hún í Gagnfræðaskólann á Akureyri og þaðan í Menntaskólann á Akureyri en vegna veikinda móður sinnar hætti hún í skólanum. Nokkrum árum seinna stundaði hún nám við Húsmæðraskólann í Reykjavík.

Hún vann um tíma fyrir sér sem farkennari en árið 1938 giftist hún eiginmanni sínum, Einari Guðmundssyni sjómanni. Þau fluttu til Akureyrar, þar sem þau byggðu sér hús, og bjuggu þar saman þar til þau fluttu á Dvalarheimilið Hlíð árið 2006. Einar lést árið 2008 og Jóhanna árið 2014. Þau eignuðust tvö börn.

Jóhanna smitaðist af berklum og dvaldi á berklahælinu í Kristsnesi frá 1946 til 1950. Þar kynntist hún Þorbjörgu Halldórsdóttur úr Árnessýslu en þær deildu herbergi. Eftir að Þorbjörg fluttist suður til að dvelja á Vífilsstaðaspítala hófust með þeim bréfaskriftir og afhendingin inniheldur bréf frá Þorbjörgu til Jóhönnu. Þorbjörg lést árið 1979.

Afhendingin kom frá Ástu Einarsdóttur, dóttur Jóhönnu. Ekki hafa komið aðrar afhendingar frá Jóhönnu.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
3. mars 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir</b>			
A-Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir		1946 - 1950	
<b>Elísabet Jóhanna Sigurðardóttir</b>			<b>2019 / 45</b>
2019 -	A / 1 1	1946- 1948 8 bréf frá Þorbjörgu Halldórsdóttur til Elísabetar Jóhönnu Sigurðardóttur	Afhendingin inniheldur einnig minningargreinar um Þorbjörgu og Elísabetu Jóhönnu
2019 -	A / 1 2	1950- 1950 Ljósmynd af Jónasi S. Jakobssyni myndhöggvara og fjölskyldu hans (póstkort) ca. 1950	Afhendingin inniheldur einnig minningargreinar um Þorbjörgu og Elísabetu Jóhönnu